

Stórhugar

Sigurður Greipsson fæddist árið 1897 í Haukadal í Biskupstungum og ólst þar upp. Hann tók við jörðinni af föður sínum á þriðja tug síðustu aldar en á þeim tíma var Haukadalur um það bil að fara í eyði. Sigurður var mikill stórhugi og lagði grunninn að því að Geysir í Haukadal og næsta nágrenni er í dag einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Áhugi ferðamanna á svæðinu hefur aukist ár frá ári og er talið að um það bil 300.000 manns hafi komið þar á síðasta ári. Þegar Sigurður féll frá tóku MÁR sonur hans og SIGRÍÐUR VILHJÁLMSDÓTTIR eiginkona Má s við þar sem frá var horfið og hafa farið með búsförum á staðnum síðan. Af sama eldmóði og metnaði og einkenndi Sigurð hafa þau haldið áfram að breyta og bæta aðstöðu á svæðinu í takt við tímann og nýjar þarfir. Jafnt og þétt hafa þau byggt upp ferðamannaaðstöðu sem jafnast á við það besta sem þekktist hér á landi.

HAUKADALUR

Haukadalur var fyrrum stórbýli og höfðingjasetur. Frægd Haukdæla hófst fyrst með Halli Þórarinssyni en Teitur Ísleifsson, sonur Ísleifs fyrsta biskupsins í Skálholti, var fóstursonur hans. Teitur tók við búsförum í Haukadal að Halli látum og stofnaði þar fyrsta skólann sem settur var á stofn hér á landi. Upp frá þeim tíma var Haukadalur rómað lærdómssetur. Ari fróði nam meðal annarra hjá Teiti og er nafn hans og Haukadals tengt órjúfanlegum böndum. Teitur Ísleifsson er jafnan talinn ættfaðir Haukdæla sem settu sterkan svip á sögu lands og þjóðar fram yfir lok þjóðveldisins. Skömmu fyrir aldamótin 1300 komst Haukadalur í eigu Skálholts að því er talið er og hefur síðan verið hljóðara um staðinn. Í dag er það fyrst og fremst Geysir sem heldur nafni Haukadals á lofti.

GEYSIR – ÞEKKTASTI GOSHVER JARÐARINNAR

Geysir er þekktasti goshver á jörðinni og hefur nafnið Geysir verið tekið upp í erlendum málum sem samheiti yfir goshveri. Hverinn hefur með kísilsýru myndað hellu af hverahrúðri í kringum sig en hveraskálin sjálf er um það bil 18 metrar í þvermál. Niður úr skálinni gengur

20 metra djúp hola eða strokkur. Geysir hefur gosið öldum saman og haft mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Gosin hafa sum hver náð 40-60 metra hæð og verið afar tilkomumikil. Þeim fylgja miklar drunur og dynkir þegar þau hefjast og í kjölfarið fylgja kraftmikil gufugos. Þegar Geysir var upp á sitt besta gaus hann af sjálfsdáðum jafnvel nokkrum sinnum á dag.

Um aldamótin 1900 fór að draga mjög úr gosunum og um tíma hættu þau að mestu leyti. Töldu menn ástæðuna vera að kólnunarflötur vatnsins væri orðinn of stór. Í kjölfarið kviknaði sú hugmynd að lækka vatnsborðið í skálinni og tókst þannig að endurvekja gosin um tíma. Síðan hefur gosunum fækkað jafnt og þétt. Gerðar voru tilraunir um tíma til þess að örva hverinn með sápu en slíkt þótti ekki heppilegt til lengdar. Fyrir um það bil 35 árum var aftur farið að setja sápu í hverinn til þess að framkalla gos. Um tíma var til dæmis jafnan framkallað gos í kringum verslunarmannahelgina og var það Hallgrímur Björnsson hjá Nóa Sírius sem lagði sápu til. Eftir Suðurlandsskjálftana sumarið 2000 jókst gosvirkni aftur á svæðinu og hefur Geysir síðan sent frá sér “skvettur” af og til sem ná allt að 10 metra hæð Þær jafnast þó engan veginn á við gosin eins og þau voru þegar Geysir var upp á sitt besta.

Umhverfis Geysi er víðáttumikið hverasvæði, um 500 metra langt og 100 metra breitt. Hverahella svæðisins er þó enn víðfedmari og þekur hún um 200 þúsund fermetra. Hverir á svæðinu skipta nokkrum tugum og eru nokkrir þeirra goshverir eins og Geysir. Kunnastir þeirra eru Strokkur og Smiður. Allt hverasvæðið hefur nú verið girt og friðlýst og er í umsjá Umhverfisstofnunar. Geysir sjálfur er í eigu ríkisins en svæðið innan girðingar umhverfis hverinn er óskipt. Því fylgja ákveðin vandamál þegar kemur að framkvæmdum.

Á árunum 1936-1939 var unnið að miklum endurbótum í Haukadal. 1350 hektarar lands voru girtir, sandfok heft, komið rækt í skóginn og byggð ný kirkja. Fyrst var plantað trjá í nýjan skóg í landi Haukadals 1943. Um var að ræða norska skógarfuru en síðan hefur verið plantað hundruðum þúsunda trjáa á svæðinu.



Margar skemmtilegar gönguleiðir eru í Haukadalskógi sem vert er að skoða.

ELDHUGINN SIGURÐUR GREIPSSON

Sigurður Greipsson sigldi til Danmerkur og lagði stund á íþróttafraði. Að námi loknu, árið 1927, sneri hann aftur heim í áttahaga. Hann hafði jafnan mörg járn í eldinum og kom víða við á langri og farsælli ævi. Sigurður hafði afnot af landi Haukadals að undanskildu því svæði sem er í eigu Skógræktar ríkisins og stundaði um árabíl sauhjúbúskap á jörðinni. En honum nægði ekki að vera bóndi. Hann stofnaði líka íþróttaskóla í Haukadal og rak skólann um áratugaskeið. Skólabyggingin var reist á Geysissvæðinu og var Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar rekinn að Geysi í Haukadal frá 1927 til 1971. Alls munu um 900 nemendur hafa stundað nám í skólanum.

Sigurður sinnti ekki aðeins íþróttaskólanum og búskapnum. Hann lét líka til sín taka í íþrótt- og ungmennafélagsmálum auk þess sem hann þjónustaði ferðamenn sem leið áttu um svæðið. Þannig lagði hann grunninn í eiginlegri og óeiginlegri merkingu að þeirri miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað við Geysi á undanförunum árum. Þegar hlé var á skólastarfinu yfir sumartímamann voru skólabyggingarnar notaðar til þess að taka á móti ferðamönnum. Ferðamenn fengu leiðsögn um hverasvæðið og segja má að Sigurður hafi verið einskonar

gæslumaður Geysis og svæðisins í kring. Sigrún Bjarnadóttir, eiginkona hans, sá hins vegar um veitingar handa gestum og gangandi.

Árið 1985 brann skólahúsið. Sigurður var þá orðinn aldraður og bauð sonum sínum að taka við staðnum og endurreisa þjónustu og veitingarekstur við Geysi. Már sonur Sigurðar og Sigríður Vilhjálmadóttir eiginkona hans tóku það hlutverk að sér. Þórir, sonur Sigurðar, stofnaði garðyrkjubýli sem síðan var breytt í gisti- og veitingaaðstöðu. Hann stundaði líka vöruflutningaakstur milli Geysis og Reykjavíkur og síðar skólaakstur fyrir grunnskólann í Reykholti. Greipur Sigurðsson starfaði fyrir Landgræðslu ríkisins, vann hjá Skógrækt ríkisins og var vörður Haukadalsheiðar. Hann stofnaði einnig garðyrkjubýli. Greipur féll frá árið 1990. Bjarni Sigurðsson er mikill tónlistarmaður en stundaði auk þess bifreiðaakstur.

Í ELDLÍNUNNI

Már og Sigríður ákváðu að nýta eftir fremsta megni rústir gamla íþróttaskólans og önnur mannvirki sem voru á staðnum þegar þau tóku við stjórnartaumum við Geysi. Sigurður hafði byggt skála á einni hæð þar sem voru bæði salur, sem notaður var til leikfímkennslu og sem matsalur, og fimm herbergi. Seinna byggði hann steinhúsið sem í dag hefur verið fellt inn í bygginguna sem nú hýsir veitingasali Hótel Geysis. Smátt og smátt hafa þau Már og Sigríður verið að endurnýja og bæta aðstöðu á staðnum. Hóтелиð og söluskálinn hafa verið endurbýggð og ýmsar aðrar endurbætur gerðar bæði utan dyra og innan. Nú reka þau hótelið og ferðamannaaðstöðuna í samvinnu við börnin sín og er hótelið opið allan ársins hring. Mannvirki og aðbúnaður við Geysi bera þess vott að húsráðendur hafa frá upphafi haft mikinn metnað og lagt áherslu á að hafa alla aðstöðu sem besta og glæsilegasta.

Már er fæddur og uppalinn að Geysi. Geysir hefur því verið fastur punktur í tilveru hans frá blautu barnsbeini. Hann þekkir ekki annað en að í kringum staðinn sé ys og erill. Íþróttaskólinn á veturna og hótelið og ferðamenn á sumrin. Már lauk námi sem íþróttakennari frá Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni og stundaði kennslu víða um land um árabíl jafnframt því sem hann lagði fœður sínum lið við uppbygginguna við Geysi eftir því

sem tími gafst til.

“Ég kenndi fyrst í eitt ár íþróttir og bókfærslu að Hólum í Hjaltadal. Þaðan hélt ég til Stykkishólms og kenndi íþróttir þar í tvo vetur en fór þá til Danmerkur og stundaði nám við Íþróttaháskólann í Ollerup, Höjskole for Legemesövelser. Á þeim tíma höfðu ekki margir Íslendingar stundað þar nám. Ég man í augnablikinu aðeins eftir þeim Þorsteini Einarssyni, fyrrum íþróttafulltrúa ríkisins, og Þóri Þorgilssyni á Laugarvatni. Þegar ég kom heim frá Danmörku gerðist ég farkennari hjá Þorsteini í einn vetur en á þeim árum sá Íþróttafulltrúi ríkisins um að manna stöður íþróttakennara við skólana. Helming vetrarins kenndi ég vestur á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp en hinn helminginn austur á Fáskrúðsfirði. 1969 sótti ég svo um kennarastöðu við Laugalandsskóla í Holtum og kenndi þar næsta aldarfjórðunginn eða til ársins 1994 þegar við fluttum alkomin hingað að Geysi.”

Már kom á svokölluðum fjölskylduskemmtunum þegar hann kenndi á Laugalandi. Þrír hreppar standa að skólanum og voru fjölskylduskemmtanirnar haldnar þrisvar yfir veturinn, einu sinni í hverjum hreppi fyrir sig. Þekktir listamenn voru fengnir til þess að koma fram á þessum skemmtunum en á þær mættu fjölskyldur nemenda og skemmtu sér saman. Almenn ánægja ríkti með þessar samkomur sem jafnan voru vel sóttar. En Má kippir greinilega í kynið. Hann lét sér ekki nægja að stunda kennslu og koma á fjölskylduskemmtunum. Allar helgar og í öllum fríum hélt hann heim að Geysi og til þess að aðstoða foreldra sína.

Sigríður er fædd suður með sjó eða í Sandgerði en þau hjón kynntust fyrst þegar hún var við vinnu í Hveragerði.

“Ég var orðin þreytt á fiskinum og langaði að prófa aðvinnaviðferðaþjónustuna. Ég sótti því um vinnu hjá Eiríki og Sigríði í Hveragerði en þau ráku Hótel Hveragerði. Eiríkur og Sigrún tengdamóðir mín voru systkin þannig að fjölskylda Más kom oft við hjá þeim Eiríki og Sigríði þegar þau áttu leið til Reykjavíkur. Ég sá líka í fjögur ár um vegasjoppuna fyrir þau þannig að ég var ekki alveg ókunnug þessum málum þegar leiðir okkar Más lágu saman. Þegar ég kom hingað fyrst árið 1968 voru þau Sigurður og Sigrún eiginlega farin af kröftum og þurftu á aðstoð að halda, bæði við reksturinn og skepnurnar. Það þurfti að heyja á sumrin en á þessum tíma voru hér kýr í fjósi.

Sigurður var þá kominn með Paríkinsonsjúkdóminn sem hann barðist lengi við og orðinn mjög illa farinn. Árið 1979 dó svo Sigrún. Þann vetur vorum við hér alveg þar sem Sigurður átti erfitt með að vera einn. Upp frá því má eiginlega segja að við höfum verið hans hægri hönd. Síðan kaupum við hótelið af dánarbúinu í desember 1985 og höfum verið hér í forsvari síðan.

Ferðaþjónusta hófst hjá okkur Má með uppbyggingu á Söluskálanum 1971. En þar sem við höfðum verið hérna svona lengi, aðstoðað Sigurð og fylgst með gangi mála, fundum við fljótt að öllu máli skiptir að reka hvort tveggja saman, hótelið og söluskálan. Þegar unnið hefur verið við hótelið er söluskálinn opin og öfugt. Þetta þarf að stöðja hvað annað. Öðruvísi gengur dæmið varla upp.”

BYGGT Á GÖMLUM GRUNNI

Hægt er að taka á móti 60 manns í gistingu á Hótel Geysi og 750 manns geta setið til borðs í einu. Sumir hóparnir sem heimsækja staðinn eru líka mjög stórir en farþegar allra skemmtiferðaskipa sem koma til landsins sækja til dæmis Geysi heim og snæða þar hádegisverð. Segja má reyndar að staðurinn hafi sérhæft sig í að taka á móti slíkum hópum.

Stærsti matsalurinn er þar sem sjálfur íþróttasalurinn var áður og sýna þykkir útveggirnir hversu rammbýggð sú bygging var á sínum tíma en húsið var byggt 1945. Út frá salnum hafa svo verið byggðar nýbyggingar sem hýsa matsali, snyrtingu og fleira. Skoríð hefur verið úr þykkum veggjunum til þess að mynda eina heild. Þannig standa þessir sterklegu veggir sem rákn um þær styrku stóðir sem þau hjón hafa byggt á og tengja saman gamla og nýja tímanna.

“Ég hef svo gaman af að benda á þessa sterklegu og völdugu útveggi,” segir Sigríður. “Þessir veggir voru öll einangrunin. Um aðra einangrun var ekki að ræða. Mér finnst líka ánægjulegt að geta sagt frá því að öll hús sem voru hér á staðnum eru notuð og hafa sitt hlutverk. Meira að segja elsta húsið, sem Sigurður og Sigrún byggðu 1926, er nýtt enn í dag og gamla sundlaugin hefur fengið nýtt hlutverk og hýsir ýmis efni, tæki og tól. Gólfplatan í íþróttahúsinu var steipt sem gerði okkur kleyft að hafa hér tvær hæðir þegar við byggðum upp 1986. Snemma árs 1985, í janúar, brann húsið og í kjölfarið var ákveðið að byggja hér nýtt hótél.”

Már segir að þær framkvæmdir sem þau

hjón stóðu fyrir hafi ekki gengið átakalaust fyrir sig og ýmis ljón verið í veginum:

“Menn voru ekki á einu máli um hvort ætti að byggja á rústum gamla hússins eða jafna það alveg við jörðu og byrja á nýju húsi frá grunni. Á þessum tíma þurfti leyfi til allra framkvæmda, bæði frá skipulagsstjóra, Geysisnefnd og fleirum. Við vorum því háð viðbrögðum þeirra við því sem við vildum gera. Að því leyti getur verið strembið að búa á svona sögufrægum stað. Við vorum komin með teikningar sem byggðu á því sem fyrir var en urðum sem sagt að lúta vilja yfirvalda hvað endanlegar ákvarðanir snerti.”

Ljóst er að þær miklu framkvæmdir sem þau Már og Sigríður hafa staðið fyrir hafa verið mjög kostnaðarsamar. En hvernig skyldi þeim hafa gengið að fá fjármagn til framkvæmdanna?

“Það gekk illa,“ segir Már. “Við sóttum um styrki á ýmsum stöðum en fengum oftast en ekki synjun. Meðal annars sóttum við um styrk frá Bygðastofnun en fengum neitun. Það var síðan Eggert Haukdal sem greip inn í og fyrir hans tilverknad fengum við fé frá stofnuninni.”

“Einu sinni vildi það okkur líka til happs að Hrafn Gunnlaugsson tók allt hótelið á leigu,“ bætir Sigríður við. “Það var verið að kvikmynda Víkivaka og margt um manninn. Þetta var á tíma þegar lítið var um að vera hér og við áttum í fjárhagskröggum. Ég segi því stundum bæði í gamni og alvöru að Hrafn hafi bjargað okkur! Þannig hefur þetta einhvern veginn gengið með hjálp góðra manna í gegnum árin. En ekki baráttulaust.”

SORGIR OG SIGRAR

En þau hjón hafa ekki aðeins barist við uppbyggingu á staðnum. Undanfarn ár hefur önnur barátt líka staðið yfir. Már hefur átt við heilsubrest að stríða en hann fékk Parkinson-sjúkdóminn eins og Sigurður faðir hans. Þó að sjúkdómurinn hafi sett mark sitt á líkamann er andinn brennandi. Már hefur líka tekið nýjustu tækni í þjónustu sína og kemst hjálparlaust allra sinna ferða. Á hlaðinu er stór og mikill jeppi sem hann ekur og þar er líka kraftmikið mótörhjól sem Már notar þegar jeppinn dugir ekki til. Þau virðast líka samstíga um reksturinn og styðja hvort annað eftir mætti.

Hótel Geysir er hið glæsilegasta. Þykkir og sterklegir útveggir gamla hússins eru ákveðin tenging milli fortíðarinnar

sem þau Már og Sigríður byggja á og nýja tímans sem smátt og smátt hefur hafið innreið sína að Geysi. Auk hótelsins og söluskálans er að Geysi góð útisundlaug, 24 smáhýsi sem gestir geta tekið á leigu, og tjaldstæði og ýmislegt fleira til afþreyingar fyrir ferðamenn. Samningur hefur verið gerður við hestaleigu í nágrenninu og ýmsar nýjar hugmyndir eru á þróunum. Alltaf tekur eitthvað nýtt við sem þarf að breyta og bæta. Gamla eldhúsið þjónaði til dæmis sínu hlutverki en eftir því sem ferðamönnum fjölgaði og ný og tækni og þekking kom til sögunnar hafa þau tekið allskonar nýjungar í þjónustu sína sem í senn flýta fyrir og léttu störfin. Nýjasta framkvæmdin lýtur að nýbyggingu með snyrtiaðstöðu fyrir ferðamenn sem er einstaklega glæsileg og ber vott smekkvísi húsráðenda og vandvirknisleg vinnubrögð. “Þetta hefur verið mikil vinna en afskaplega gefandi,“ segja þau þar sem við sitjum í notalegu horni á hótelinu. Það er komið fram í október og mesti ferðamannastraumurinn afstaðinn. Eigi að síður eru þau undir það búin að taka á móti gestum sem ber að garði. Kannski koma tíu í dag. Kannski verða þeir hundrað.

“Já, það er einmitt þetta sem gerir málið svo flókið,“ segja þau. “Oft vitum við hve margir koma í hádegismat en svo koma tímar þar sem við vitum það alls ekki. Það er samt ekkert líkt að taka á móti stórum hópum í dag miðað við hvernig ástandið var þegar við byrjuðum og vorum ekki komin með þá aðstöðu sem hér er núna. Við erum til dæmis komin með nýtt og mjög tæknivætt eldhús en gamla eldhúsið var miklu minna og barn síns tíma. Við höfðum til dæmis bara litla og mjög ófullkomna uppþvottavél sem varð að duga þó að við værum að taka á móti jafnvel 13 – 1500 manns á þremur klukkutímum! Þegar við lítum til baka skiljum við eiginlega ekki hvernig við fórum að því að taka á móti svona stórum hópum í mat á örstuttum tíma eins og öll aðstaðan var. En við þekktum ekki annað og allt gekk þetta einhvern veginn. Við höfum líka verið svo gæfusöm að hafa einstaklega gott starfsfólk sem hefur staðið með okkur eins og einn maður – hvað sem á hefur dunið. Án þessarar stórkostlegu áhafnar hefði þetta aldrei gengið.

Við vorum líka með eins fasa rafmagn frá Soginu þangað til fyrir sex árum og það varð alger bylting þegar við fengum nýju rafstöðina og þriggja fasa rafmagn. Áður en nýja rafstöðin kom til sögunnar var til

dæmis aldrei hægt að nota alla sali hótelsins í einu. Til þess höfðum við ekki nægt rafmagn. Oftast byrjuðum við á að nota salina á neðri hæðinni þar sem styst var í uppvaskið og fíkrúðum okkur svo áfram út frá þeim.

Gestakomur hafa aukist jafnt og þétt og ferðamenn koma hér flesta mánuði. En markaðurinn er lítill og þeir fjórir mánuðir þegar minnst er um að vera geta verið mjög erfðir; frá nóvember, út febrúar og jafnvel eitthvað fram í mars. Reyndar erum við með ágætis hópa sem bóka sig á veturna en þeir panta ekki alltaf hádegismat. Þetta eru einstaklingar sem ferðast saman í einum stórum hóp og hending ræður hve margir þeirra ákveða að fá sér mat. Við verðum að vera undir það búin að allir borði eða jafnvel enginn. Stundum er um að ræða 200 manns þannig að oft getur þetta verið ansi snúið. Við höfum rætt þetta undanfarið því það myndi breyta miklu að þessir gestir keyptu sér mat. Ekki endilega stóra máltíð, heldur að allir fengu sér eitthvað.”

Már býður gestum að slást í för með sér í jeppanum og skoða umhverfið. Hann bendir meðal annars stoltur á nýju rafstöðina og “uppistöðulónið” og segir rafstöðina sjá hótelinu og allri starfsemi á staðnum fyrir rafmagni. Sigurður faðir hans byggði gömlu rafstöðina upp úr 1930 og sá hún staðnum að mestu leyti fyrir nauðsynlegu rafmagni. Gamla rafstöðin framleiddi 15 kílóvött en með auknum umsvifum á staðnum dugði það engan veginn til. Stórt skref var síðan stigið 2004 þegar árfarveginum var breytt og stöðvarhúsið fært þannig að hægt væri að fá næga fallhæð til þess að framleiða meira rafmagn. Nú framleiðir nýja rafstöðin 70 kílóvött þannig að ljóst er að viðbrigðin eru mikil.

Staðurinn er því nokkurnvegin sjálfbær hvað varðar rafmagn og kalt vatn en þótt ótrúlegt kunni að virðast á þessu mikla jarðhitasvæði er skortur á heitu vatni þannig að ekki er unnt að hafa sundlaugina opna yfir vetrartímann.

HORFUM FRAM Á VIÐ

En það er ekki aðeins Már sem orðið hefur fyrir áföllum. Sigríður lenti líka í alvarlegu bílslysi fyrir nokkrum árum.

“Þetta gerðist 3. janúar 1990. Ég og Sigurður, sonur minn, vorum á leið frá Reykjavík á eldgömlum Volvo austur að Geysi áður en við færum að Laugalandi. Már var í bænnum með skólaláblinn í viðgerð og þurfti að bíða eftir honum en skólinn

átti að byrja aftur eftir jólafrí daginn eftir. Skömmu áður hafði vegagerðin verið að bera ofan í veg sem ég þurfti að aka milli Fellskots og Vatnsleysu. Ofaniburðurinn var moldarkenndur og ofan á það bættist að þennan dag var ísrigning, droparnir frusu um leið og þeir féllu. Þegar ísrigningin bættist við leirkenndan ofaniburðinn varð hann hættulega háll. Nú, það skipti engum togum að ég missti bílinn út af og það á versta mögulega stað þar sem ræsi var undir veginum. Sveitavegir eru líka aðeins ein bílbreidd þannig að ef eitthvað fer úrskaiðis er bíllinn kominn út af. Þetta endaði með því að hællinn á öðrum fætinum brotnaði þannig að hann kurlaðis allur og þó að ég hafi verið í belti, sem kannski var farið að gefa sig, braut ég líka tólfta brjóstlið alveg inn í mænu. Það tók mig heilt ár að komast á skrið aftur.

Ég hef stundum notað fingurna á báðum höndum til þess að skýra reynsluna af því að lenda í svona slysi. Fyrirtækið var í fyrsta til fimmta sæti, síðan komu eiginmaðurinn og börnin og að lokum ég sjálf í tíunda og síðasta sæti. Stundum er eins og maður þurfi að verða fyrir einhverju áfalli til þess að koma sjálfum sér framar í forgangs röðina. Á þessum sautján árum sem liðin eru síðan slysið varð hef ég tekið eitt og eitt hænufet og reynt að læra að sleppa tókunum á öllum þráðunum sem ég hafði á hendi. Um það leyti sem slysið varð fór líka að bera á Parkinson-sjúkdómnum hjá Má þó að það hafi ekki verið að neinu ráði fyrr en 1993. Stundum er eins og mikið álag verði til þess að undirliggjandi sjúkdómur nái sér á skrið. Ég lærði það líka þetta hálfu ár sem ég lá á Grensásdeildinni að þegar þú ert á vissan hátt fangi í eigin líkama skaltu forðast að líta til baka. Horfðu aldrei aftur á bak – alltaf fram á við. Við getum ekki lifað í liðnum tíma eða breytt því sem orðið er. Okkar er hins vegar að takast á við nútíðina og framtíðina.”

Már hefur alla tíð verið hamhleypa til verka og aldrei hlíft sér. Segja kunnugir með ólíkindum hve miklu hann hefur náð að áorka. En eljan og krafturinn hafa trúlega tekið sinn toll og varla tafið fyrir framvindu sjúkdómsins.

GEYSISSTOFA

Í júní árið 2000 opnuðu þau Már og Sigríður Geysisstofu sem var hugmynd Mús. Þar gefst gestum einstakt tækifæri til þess að kynnast jarðfræði Íslands á raunverulegan og nýstárlegan hátt. Safnið er að mörgu

leyti einstakt í sinni röð en nýjasta tækni er notuð til þess að sýna það sem liggur að baki eldvirkni og gosvirkni sem birtist á Geysisvæðinu.

“Okkur áskotnaðist árið 1991 vísir að byggðasafni sem var í eigu Aðalbjargar Eiríksdóttur frá Selfossi. Til þess að safnið nýttist þurfti að byggja yfir það. Þá kviknaði sú hugmynd að byggja við söluskálann og hafa safnið á því svæði. Við höfðum í framhaldinu samband við Guðmund Jónsson arkitekt en við höfðum frétt að hann hefði sett upp byggðasafn í Lillehammer í Noregi. Guðmundur flutti fyrirlestur um málið í Háskóla Íslands árið 1998. Við báðum hann að hitta okkur og sýndum honum drög að hugmynd um hvernig við sæjum málið fyrir okkur. Báðum hann að líta á þau og segja okkur hvort hann teldi einhvern grundvöll fyrir að setja hér upp slíkt safn. Guðmundur taldi svo vera og í framhaldi af því tók hann að sér að útbúa þessa margmiðlunarstofu. Erlendur Magnússon tók að sér byggðasafnið sem er á annarri hæð hússins og Helgi Torfason jarðfræðingur sá um jarðfræðilega hlið mála.

Staðurinn hefur styrkst mikið sem ferðamannastaður með tilkomu Geysisstofu. Gömlu munirnir undirstrika í senn fortíðina og þá sögu sam að baki liggur og margmiðlunartæknin skýrir umbrotin á svæðinu. Þannig nær stofan að tengja saman náttúruna og söguna. Flestir gestir sem hér koma skoða Geysisstofu. Kynnisferðir hafa til dæmis inni í sinni dagskrá að öllum gestum sem fara í ferð með þeim hingað klukkan níu á morgnana er boðið að skoða Geysisstofu. Í því felst mikill styrkur. Við höfum líka heyrt haft eftir leiðsögumönnum að Geysisstofa svari mörgum spurningum um það sem um er að vera á þessu svæði.

Guðmundur útbjók auk þess fyrir okkur myndband þar sem fram kemur hvernig við sjáum framtíðina hér fyrir okkur. Við kölluðum hingað þingmenn og ráðamenn til þess að sýna þeim hvað við teljum að þurfi að gera og hvernig við teljum að það gæti best farið. Það er nauðsynlegt að huga að aðkomu að svæðinu, göngustígum, bílastæðum og fjölmörgu öðru sem fylgir þar sem 370.000 manns eiga leið um. Til þess að hægt sé að ganga frá slíkum málum þarf að ganga frá skiptum á svæðinu þannig að skýrt sé hver ber ábyrgð og hefur umsjón með hverju.”

FRAMTÍÐIN

Það er ljóst að Már og Sigríður hafa ekki látið staðar numið. Þau eru vakin og sofin yfir velferð og framtíð staðarins sem hefur verið samofinn lífi þeirra og tilveru öll þessi ár. Enn eru þau með ýmsar hugmyndir á þrjónunum sem þau eiga kannski eftir að hrinda í framkvæmd ásamt börnum sínum og með hjálp góðra manna sem þau segja að hafi jafn verið þeim innan handar. Þessa dagana er til dæmis unnið að breytingum á Geysisstofu í samvinnu við Helga Torfason jarðfræðing enda dugir ekki að láta staðar numið ef Geysisvæðið á áfram að standa undir nafni sem einn vinsælasti ferðamannastaður landsins.

“Okkur hefði ekki órað fyrir því þegar við tókum hér við að staðurinn ætti eftir að líta út eins og hann gerir í dag. Breytingarnar eru ótrúlega miklar. Við höfum reynt að taka verkefnið fyrir smátt og smátt, eitt af öðru. Stundum höfum við verið með hugmyndir sem ganga ekki þegar að framkvæmdum kemur af því að þær henta ekki lengur. Við ætluðum okkur til dæmis að hafa kaffiteríu og ýmislegt fleira í húsinu sem hýsir Geysisstofu en innréttingarnar voru ekki einu sinni frágengnar þegar húsið var orðið allt of lítið fyrir starfseminu. Þegar við tókum við hér voru ferðamenn um 50.000 á ári. Sú aðstaða sem var hér þá myndi því auðvitað engan veginn henta eins og málum er háttað í dag. Þarfir og viðhorf breytast í takt við tímann og við verðum alltaf að vera vakandi fyrir að fylgja kröfum hvers tíma. Umsvifin eru ótrúlega mikil og sem dæmi má nefna að þegar við byrjuðum vorum við með einn starfsmann en í dag eru þeir fimmtíu. Aðstæður hér eru hins vegar þannig að nauðsynlegt er að við leggjum starfsfólki til bæði húsnæði og fæði sem á köflum hefur ekki verið auðvelt. Í rauninni má segja að starfsmennirnir búi hér í eínskonar heimavist og það þarf að hlúa að þeim þannig að þeim líði sem best og geti skilað sínu hlutverki. Nú er búið að byggja húsnæði fyrir starfsmenn en við höfum því miður ekki enn tók á að sjá heilum fjölskyldum fyrir íbúðum en það er eitt af því sem tilheyrir framtíðarsýn staðarins.

Við erum heldur ekki lengur jafn mikið úr alfaraleið og áður sem auðveldar ferðamönnum að koma hér allt árið. Nú er kominn vegur með bundnu slitlagi alla leiðina frá Reykjavík og hingað heim í hlað. Bílar eru líka miklu betri en þeir voru og veður ekki eins válynd þannig að ferðir

til og frá staðnum eru mun auðveldari en þegar við tókum hér við.”

Á síðasta ári bauðst gestum að koma í jólahlaðborð að Hótel Geysi sem var dálítið öðruvísi en þau sem almenningur þekkir:

“Okkur langaði til þess að gera eitthvað fyrir krakkana,” segir Sigríður. Við bjóðum alla fjölskylduna velkomna í Haukadalskóg þar sem fjölskyldan fær að velja sér eigið jólatré. Þar er boðið upp á heitt kakó við varðeld og jólasveinar bruna um skóginn með krakkana á fjórhjólum. Þetta hefur tekist afar vel og er virkilega góð samvinna með okkur, skógræktinni og fjórhjólaleigunni í Haukadal. Um klukkan fimm byrjar svo veislan í veitingasal hótelsins með glæsilegu jólahlaðborði. Við erum með hlaðborð sem eru það lág að börnin geta sjálf valið hvað þau vilja fá sér og á staðnum er góður veislustjóri sem sér um börnin á hvaða aldri sem þau eru. Svo koma skemmtikraftar og skemmta, bæði þeim yngri og eldri, þannig að allir geti notið sín. Að lokum birtast svo jólasveinarnir með pakka handa öllum og dansa og syngja með börnunum. Við erum verulega stolt af þessum dögum og höfum fengið mikið lof fyrir þetta framtak. Nú svo eru ýmsar framkæmdir í deigluinni sem þarf að ráðast í.”

Það er varla hægt annað en hrífast af eldmóðnum og áhuganum sem geislar af þeim hjónum. Gæfa staðar eins og þessa felst í að í forsvari sé hugsjónafólk sem aldrei lætur staðar numið. Enn halda þau Már og Sigríður um stjórnartaumana en ákveðið hefur verið að börnin þeirra taki við þegar þau draga sig í hlé:

“Við eigum þrjú börn og tvö þeirra hafa unnið hér mikið með okkur,” segir Sigríður. “Í raun getum við aldrei fullþakkað þeim hvað þau hafa verið okkur. Ég veit að við sem vinnuveitendur gerum meiri kröfur til þeirra en annarra starfsmanna. Þannig eru nú einu sinni foreldrar. En þau hafa áhuga á að taka við og það fer að koma að því. Við höfum örugglega lært það af fordæmi Sigurðar Greipssonar tengdaföður míns hvað það er mikilvægt að draga sig í hlé á réttum tíma. Hann gerði það í rauninni allt of seint miðað við hvernig heilsu hans var háttad. Honum reyndist svo erfitt að sleppa tókunum og ég held að staðurinn hafi að vissu leyti liðið fyrir það. Við ætlum sem sagt ekki að fara að hans fordæmi hvað það snertir. Börnin okkar vinna mikið í þessu með okkur svo það verða ekki mikil viðbrigði fyrir þau að taka við. Við höfum smátt og smátt verið að stíga eitt og eitt skref

aftur á bak og hleypa þeim fram fyrir. Þau sjá framtíðina örugglega fyrir sér á annan hátt en við. Með nýrri kynslóð koma nýjar hugmyndir sem eiga vonandi eftir að verða að veruleika og styrkja staðinn.

Við verðum ekki eilíf frekar en aðrir og okkur auðnast örugglega ekki að sjá allt sem hér á eftir að gerast. Ég er viss um að Sigurður tendafaðir minn hefur styrkt okkur í að stíga fyrir en síðar til hliðar. Kannski einmitt vegna þess hvað hann átti erfitt með það sjálfur. Okkar hlutverki er að ljúka. Vonandi skiljum við samt eitthvað eftir sem heldur nafni þessa merka staðar á lofti. Hér hefur verið menningarsetur í margar aldir og verður vonandi um alla framtíð.” ✨